

5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2018-2019

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík þriðjudaginn 12. febrúar 2019 kl. 16:00.

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Guðmundur Halldórsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Jóna Björg Arnarsdóttir og Helgi Héðinsson í forföllum Jónu Bjargar Hlöðversdóttur. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Elías Pétursson, setti fund og stjórnaði honum.

1. Samstarf/sameining Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna

Formaður reifaði málið, m.a. í framhaldi af umræðufundi með starfshópi Eyþings í síðustu viku. Taldi hann að í megin atriðum væru uppi tveir valkostir, annað hvort að stefna að því að sameina landshlutasamtökin og þau tvö atvinnuþróunarfélög sem á svæðinu starfa og þá útfrá ákveðnum megin forsendum, eða þá að halda starfseminni aðskilinni sem þá fæli í sér að landshlutasamtökunum yrði þá einnig skipt upp í tvennt, en slíkt myndi krefjast breytinga á sveitarstjórnarlögum þar sem fjöldi landshlutasamtaka er bundinn þar.

Málið rætt vítt og breitt og kom m.a. fram að skv. skýrslu sem RHA vann 2017 má ætla að framlög ríkisins til atvinnuþróunarstarfs í landshlutanum gæti minnkað um 11% miðað við gildandi reglur. Þá kom fram ánægja með starfsemi félagsins eins og hún hefur verið og þeirri spurningu varpað fram hvort breytt fyrirkomulag væri líklegt til að reynast jafn vel eða betur. Sérstaklega var rætt um tengingu atvinnulífsins á svæðinu við starfið og þau verðmæti sem í því fælust. Sú stefna ríkisins að veita fjármunum til landshlutanna í auknum mæli í gegnum landshlutasamtökin gerir það að verkum að nauðsynlegt er að styrkja þau og einfalda það kerfi sem vinnur með þá fjármuni heima í héraði.

Skoðanir stjórnarmanna eru nokkuð skiptar um hvort sú sameining sem verið er að skoða sé til góðs eða ekki en hins vegar telur stjórnin rétt að vísa málinu til fulltrúaráðs að undangenginni kynningu á þeim kostum sem eru í stöðunni fyrri sveitarfélögunum. Er formanni og framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað til sveitarfélaganna og fylgja því eftir með fundum með sveitarstjórnunum áður en til fulltrúaráðsfundar er boðað.

2. Skipan fulltrúa í verkefnisstjórn Brothættra byggða við Bakkaflóa

Fyrir liggur erindi í tölvupósti frá Byggðastofnun um skipan fulltrúa í verkefnisstjórn Brothættra byggða við Bakkaflóa. Samþykkt að framkvæmdastjóri taki sæti í verkefnisstjórninni f.h. atvinnuþróunarfélagsins.

3. Umboð á hluthafafund GáF ehf.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tilurð og stöðu félagsins sem á sínum tíma var stofnað til að vista möguleg kaup og leigu sveitarfélaganna á Grímsstöðum á Fjöllum. Þegar ljóst var að af því verkefni yrði ekki gerðu sveitarfélögin sem hluthafar voru í félaginu upp skuldbindingar þess og afsöluðu hlut sínum til atvinnuþróunarfélagsins og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar í jöfnum hlutföllum. Fyrir liggur tillaga um að nýta félagið vegna rekstrar gestastofu í húsnaði rannsóknarstöðvarinnar á Kárhóli en

nauðsynlegt er m.a. að uppfæra samþykktir og endurskipa í stjórn. Formanni falið umboð á hluthafafundinn.

4. Önnur mál

- a) Guðmundur Vilhjálmsson lagði til að í fundaplani yrði gert ráð fyrir því að halda fundi víðar á starfssvæðinu.
- b) Elías Pétursson lagði til að settar yrðu reglur um starfskjör stjórnarmanna sem tækju á vinnu þeirra umfram stjórnarfundum, s.s. ef þeir sæktu aðra fundi á vegum félagsins. Formanni og framkvæmdastjóra falið að semja drög að slíkum reglum sem lagðar verði fyrir næsta aðalfund.
- c) Framkvæmdastjóri sagði frá tveimur verkefnum sem félagið hefur unnið að og fjármögnuð eru af sóknaráætlun landshlutans. Um er að ræða greiningar á annars vegar smávirkjankostum á starfssvæðinu og hins vegar á ástandi flutningskerfis raforku. Gerði hann ráð fyrir að haldnir yrði sérstakir kynningarfundir á næstunni þar sem niðurstöður þessara verkefna yrðu kynntar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:55